

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar nr. 56/2021-2022.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

Frsm. Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. bætist nýr másl. 4. másl. svohljóðandi:

Um ráðningarmál og heimildir til fjárskuldbindinga sem þeim tengjast fer enn fremur eftir ákvæðum starfsreglna um fjármál Þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Tillaga þessi að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar er flutt í tengslum við 14. mál 64. kirkjuþings 2022-2023 um breytingar á starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar og eru flutningsmenn hinir sömu.

Í greinargerð með 14. máli segir m.a.:

„Í 7. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir:

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárfjárvald, nema lög kveði á um annað.

Að mati flutningsmanna verða ábyrgð og vald á ráðstöfun fjármuna að fara saman við það umboð, sem einungis kirkjuþing getur veitt. Það er því eðlilegt að þeir aðilar, sem kirkjuþing skilgreinir, hafi einir heimild til að skrifa undir skjöl og taka ákvarðanir sem skuldbinda Þjóðkirkjuna fjárhagslega. Með setningu starfsreglna um fjármál þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022, sem öðluðust gildi 1. janúar 2022 er, samkvæmt 13. gr. starfsreglnanna, óheimilt að skuldbinda Þjóðkirkjuna, kt. 460169 – 6909, fjárhagslega, öðru vísi en svo að skráður prókúruhafi heimili það með undirritun sinni á þá samninga eða skjöl sem fela í sér skuldbindingar um útgjöld. Ákvæði 2. gr. tillagna þessara er ætlað að gera það enn skýrara.

Sérstaklega er minnst á ráðningarsamninga en þar sem laun starfsfólks er stærsti hluti þeirra fjárhæðar sem Þjóðkirkjan greiðir þykir rétt að ákvarðanir í sambandi við kjör starfsfólks

séu á hendi rekstrarstofu, sem hefur skýra umgjörð um meðferð og þróun starfsmannakostnaðar í launaáætlun ársins. Áfram verður samráð milli biskupsstofu og rekstrarstofu um ráðningar starfsfólks enda segir í 2. mgr. 4. gr. starfsreglna um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar:

Biskup Íslands auglýsir laus störf og annast ráðningarmál starfsfólks hjá þjónustumiðstöðinni. Sé um starf á rekstrarsviði að ræða þá er ákvörðun um ráðninguna á höndum framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Gagnkvæmt samráð sé viðhaft við ráðningu starfsfólks eftir því sem við á.

Áfram verða önnur mannauðsmál eins og starfsþróun starfsfólks, aðbúnaður á vinnustað, endurmenntun og önnur málefni er varða starfsfólk á forræði biskupsstofu. Þó gilda sérreglur um starfsfólk á rekstrarstofu, en þar fer framkvæmdastjóri rekstrarstofu með þau mannauðsmál hvað varðar það starfsfólk.“

Með hliðsjón af 14. máli er eðlilegt og rökrétt að breyta einnig starfsreglum um þjónustumiðstöðina á þann hátt sem lagt er til í máli þessu.

Lagt er til að starfsreglur þessar taki gildi við birtingu samhliða gildistöku tillagna að breytingum á starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar í 14. máli.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður hljótist af samþykkt tillögu þessarar.